

## FUNDARBOÐ

**1899. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 23.  
nóvember 2022 og hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 2206949 - Óseyrarbraut 24, breyting á deiliskipulag**

1.liður úr fundargerð hafnarstjórnar frá 2.nóvember sl.  
Lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi Óseyrarbrautar 24, dags. 16.10.2022.  
Tillagan gerir ráð fyrir hækkun nýtingahlutfalls, auknu byggingarmagni og  
hækkun hámarkshæðar og nýjum aðkomuleiðum að lóð. Skipulags- og  
byggingarráð samþykkti á fundi sínum 20.10 sl. að tillagan verði auglýst í  
samræmi við skipulagslög og vísaði erindinu til staðfestingar í hafnarstjórn.  
Hafnarstjórn samþykkir að tillagan verði auglýst í samræmi við skipulagslög og  
vísar málinu til afgreiðslu í bæjarstjórn.

**2. 2211298 - Útsvarsprósenta við álagningu 2023**

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.nóvember sl.  
Lögð fram tillaga.

Fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks leggja fram svohljóðandi tillögu:  
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að útsvarsprósenta við  
álagningu 2023 verði 14,48%.

Fulltrúar Samfylkingar leggja fram svohljóðandi tillögu: Bæjarráð samþykkir að  
á næsta ári verði útsvarshlutfallið 14,52% í stað 14,48% eins og það hefur verið  
undanfarin ár.

Greinargerð frá fulltrúum Samfylkingar:

Með því að fullnýta ekki útsvarið verður bæjarfélagið af mikilvægum tekjum við  
þær þungu rekstraraðstæður sem uppi eru í dag. Þar er um að ræða fjármuni  
sem myndu sannarlega nýtast bæjarsjóði þar sem árshlutauppgjör leiddi í ljós  
að A-hluti bæjarsjóðs var rekinn með 1,5 milljarða tapi á fyrri hluta ársins. Á  
sama tíma og verið er að hækka fasteignaskatta um 22%, gjaldskrár um 9,5%  
þá hlífir meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks tekjuhæsta hópnunum í  
samfélaginu með því að fullnýta ekki útsvarið. Ennfremur hafa sveitarfélög verið  
gagnrýnd af ríkisvaldinu í viðræðum um tekjustofna, t.a.m. fatlaðs fólks, að  
sveitarfélög fullnýti ekki megintekjustofninn - útsvarið.

Formaður bæjarráðs ber upp framkomna tillögu frá fulltrúum Samfylkingarinnar

og er hún felld þar sem fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks greiða atkvæði gegn tillögunni en fulltrúar Samfylkingar greiða atkvæði með tillögunni.

Þá er tillaga frá fulltrúum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks borin upp til atkvæða og er hún samþykkt með þremur atkvæðum frá fulltrúum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Fulltrúar Samfylkingar sitja hjá.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að útsvarsprósenta við álagningu 2023 verði 14,48%.

Fulltrúar meirihluta bóka eftirfarandi: Það hefur verið ein af áherslum núverandi meirihluta að halda álögum og gjöldum á íbúa bæjarfélagsins í lágmarki. Erfitt efnahagsumhverfi síðustu mánuði hefur reynt á rekstur sveitarfélaga og heimila. Heimilin munu njóta góðs af óbreyttri útsvarsprósentu líkt og hér er lagt til.

### **3. 2210556 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Hamranes**

1.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 17.nóvember sl. Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum 9.11. sl. að hafin yrði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna fjölgunar íbúða í Hamranesi. Skipulagslýsing lögð fram.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að leita umsagna vegna framlagðrar skipulagslýsingar og vísar erindinu til staðfestingar bæjarstjórnar.

### **4. 2103116 - Hraun vestur, aðalskipulag breyting**

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 17.nóvember sl. Lögð fram uppfærð skipulagslýsing vegna fjölgunar íbúða.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að leita umsagna vegna framlagðrar skipulagslýsingar og vísar erindinu til staðfestingar bæjarstjórnar.

### **5. 22091196 - Hvannavellir 6, breyting á deiliskipulag**

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 17.nóvember sl. Tillaga vegna breytinga á deiliskipulagi Valla 6 tekin til afgreiðslu. Tillagan gerir ráð fyrir að endastöð strætó við Hvannavelli verði breytt í parhúsalóð.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Valla 6. áfanga vegna breytinga á lóð Hvannavalla 6 og kynna fyrir nálægri byggð og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

### **6. 2208542 - Hamranes, farsímamastur, breyting á deiliskipulagi**

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 17.nóvember sl. Bæjarstjórn samþykkti 14. september sl. að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Hamranesnámu. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri lóð undir farsímamastur. Stærð lóðar verði 64m<sup>2</sup> og byggingarreitur 36m<sup>2</sup>. Hæð masturs er 12 metrar. Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hamranesnámu vegna farsímamastur. Tillagan var auglýst tímabilið 23.9.2022 - 4.11.2022. Ábending barst frá höfninni þar sem bent er að staðsetning verði a.m.k. 50m frá brún.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir uppfærða tillögu deiliskipulags Hamraness vegna gatna, stíga, stofnanalóða og veitna og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**7. 2209117 - Hamranes, götur, stígar, stofnanalóðir og veitur, deiliskipulag**

7. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 17.nóvember sl. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 14.09.2022 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nýtt deiliskipulag fyrir Hamranes, götur, stígar, stofnanalóðir og veitur. Deiliskipulagið gerir grein fyrir götum, stígum, stofnanalóðum og veitu lóðum í hverfinu. Tillagan var auglýst tímabilið 23.9.-4.11.2022. Ábending barst frá Veitum. Lagður fram uppdráttur sem tekur tillit til ábendinga Veitna.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir uppfærða tillögu deiliskipulags Hamraness vegna gatna, stíga, stofnanalóða og veitna og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**8. 2209339 - Djúpgámar**

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 17.nóvember sl. Tekið til umræðu.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir uppfærðar leiðbeiningar vegna djúpgáma og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**9. 2208236 - Bæjarstjórn, starfsumhverfi 2022-2026**

1. liður úr forsetanefnd frá 21.nóvember sl. Farið yfir drög að dagskrá bæjarstjórnarfundar sem haldinn verður miðvikudaginn 23.nóvember nk.

Stefnt er að því að fyrsti fundur bæjarstjórnar á nýju ári verði 18. janúar nk. og verði það lagt fyrir bæjarstjórn á síðasta fundi fyrir jól, sem gert er ráð fyrir að verði 21. desember nk.

**Fundargerðir**

**10. 2201211 - Fundargerðir 2022, til kynningar í bæjarstjórn**

Fundargerð fræðsluráðs frá 16.nóvember sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar frá 8.nóv. sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 15.nóvember sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 17.nóvember sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 2.nóvember sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes frá 31.október sl.

c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 9.nóvember sl.

d. Fundargerð stjórnar SSH frá 7.nóvember sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 17.nóvember sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 16.nóvember sl.

a. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 21. október sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 21.nóvember sl.

21.11.2022

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri